Nd. **314. Nefndarálit** [60. mál]

um frv. til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um sama efni, útgefnum 2. maí 1962.

Það er margyfirlýst stefna Alþýðubandalagsins og samtaka verkalýðshreyfingarinnar, að ófært sé að leysa vinnudeilur með löggjöf, heldur beri að leysa slíkar deilur á lýðræðislegan hátt með samningum, en ekki með valdboði.

Fyrir því legg ég til, að frumvarp til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf verði fellt.

Það skal tekið fram, að með þessu er engin afstaða tekin til gjaldskrár Verkfræðingafélagsins frá 1. maí 1962.

Alþingi, 17. febr. 1963.

Gunnar Jóhannsson.